
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2005-02
Fundartími: Þriðjudagur 1. mars 2005 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Raforkunotkun 2004 og fréttatilkynningar.
2) Skipulag gagnasöfnunar og úrvinnslu, áætlun ársins. Tímamörk vegna skýrslu ráðherra til Alþingis.
3) Notkunarflokkar raforku 2004.
4) Aflþörf raforkukerfisins 2004.
5) Raforkuspá 2004.
6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:
Raforkuhópurinn: Eymundur Sigurðsson
Ívar Þorsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson
Fjarverandi: Agnar Árnason
Pétur E. Þórðarson
Gunnar Aðalsteinsson

- 1) JV sagði að Gunnar Aðalsteinsson hefði verið skipaður í hópinn frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Farið var yfir fréttatilkynningar sem JV hafði sent fyrir fundinn. ÍP lagði til að hagvöxtur yrði einnig settur inn á mynd 2. Einnig benti hann á að nefna flutningstakmarkanir einnig sem ástæðu skerðinga á ótryggðri orku. Varðandi skipan Orkuspárnefndar benti hann á að ekki væri nefndur sérfræðingur í eldsneytismálum. Þar að auki komu nokkrar lagfæringar á orðalagi

- 2) ES benti á að hópurinn þyrfti að hugleiða hvaða gögn mætti birta svo sem vinnslu einstakra virkjana. Nokkuð var rætt um þetta og var JV falið að taka saman tillögur að verklagi varðandi birtingu gagna í raforkuspá og á heimasíðu og senda til fundarmanna innan tveggja vikna. Menn voru sammála um að greina þyrfti raforkuspána niður á alla afhendingarstaði í nýju landsneti. ÍP vildi að hagtölur hefðu meira vægi í raforkuspánni. JV sagði að þær hefðu mikið vægi sbr. Almennar forsendur orkuspáa þar sem teknar

væru saman ýmsar hagrænar forsendur í tæplega 200 bls. skýrslu. JV stakk upp á að setja inn á forsendukafla raforkuspár myndir sem sýna viðeigandi magnvísitölu og raforkunotkun. ÍP spurði einnig hvort stytta mætti spána t.d. niður í 10 ár og hvort slíkt sparaði vinnu. JV sagði lengd spátímabilsins hefði lítil áhrif á vinnuna. Menn voru einnig sammála því að þörf væri á spá til 25-30 ára. ES nefndi hvort ekki þyrfti að fjalla frekar um hugsanlega stóriðju. JV sagði að Þorkell og Þórður hefðu talað um það þegar þeir sömdu um skipan hópsins og hefðu viljað fá slíkt inní spána. ÍP og JV sögðu að vanda yrði vel til slíkrar umfjöllunar í ljósi fyrri reynslu þegar Orkuspárnefnd birti spá um stóriðju og töldu þeir að sú spá hefði verið misnotuð. ES ætlar að ræða þetta mál við Þórð og ÍP við Þorkel.

- 3) JV sagði að notkunarflokkarnir væru ekki farnir að berast en AÁ hefði lofað þeim frá Norðurorku næstu daga. JV og IB mundu ýta á veiturnar næstu daga.
- 4) ÍB sagði að kominn væri hluti af aflagögnunum frá Rarik en engin gögn frá Landsneti. ES ætlar að ýta á sína menn.
- 5) Farið var lauslega yfir kafla í raforkuspá sem JV hafði sent fyrir fundinn og benti hann á nokkra smávægilegar lagfæringar sem þyrfti að gera svo sem að minnka raforkunotkun fiskeldis og hugsanlega auka í þjónustunni. Áður var búið að nefna að bæata inn myndum með magnvísitölum og raforkunotkun.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:15. Næsti fundur ákveðinn 5. apríl 2005.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Fréttatilkynningar um raforkunotkun, löng og stutt. Drög 1.
- Kaflar 2, 3, 4, 5, 6, 8 og viðaukar í raforkuspá 2004.